



Nefndasvið Alþingis

Reykjavík 1. Október 2012

Efni: Athugasemdir varðandi breytingu á lögum til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

Blindrafélagið fagnar því að með frumvarpinu séu loks lögfest þau grundvallarréttindi blindra að geta tekið þátt í leynilegri og lýðræðislegri kosningu fulltrúa sinna með aðstoð fulltrúa að eigin vali. Einnig er ánægjulegt og æskilegt að sjá að aðstoðarmenn skuli vera bundnir af þagnarheit og brot við því skuli sæta refsingu.

Aðal athugasemd Blindrafélagsins hvað frumvarpið varðar er sú að ekki sé í lagatextanum að finna skýrt og afdráttarlaust ákvæði þess efnis að framkvæmd þessarar kosningaþátttöku fatlaðra einstaklinga skuli ganga eins hratt og hnökralaust fyrir sig og mögulegt er. Þá skuli framkvæmdin á kjörstað ekki vera til þess fallin að kalla óþarfa athygli að þeim einstakling sem á í hlut. Af núverandi texta ákvæðisins má ráða að framkvæmdin verði þunglamalega og flókin (sbr. t.d. orðalag eins og ". . . skal kjörstjóri gera hlé á atkvæðagreiðslunni . . . og fleira í þeim dúr). Leggur Blindrafélagið í því samhengi til eftirfarandi viðbót við lagatextann:

"Kjörstjórn skal sjá til þess að kjörstaðir séu vel búnir fyrir kosningaþátttöku fatlaðra einstaklinga. Þátttaka fatlaðra einstaklinga í kosningum skal ávallt framkvæmd með nærgætni og virðingu í huga. Framkvæmdin skal fara fram með þeim hætti að hún valdi sem minnstri röskun fyrir þann einstakling sem á í hlut og skal hún vera sem líkust þeirri framkvæmd sem aðrir kjósendur taka þátt í."

Blindrafélagið vill þó, líkt og önnur samtök fatlaðra, benda á eftirfarandi atriði:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að til þess að hinn fatlaði geti nýtt sér rétt sinn til þess að hafa aðstoðarmann með sér verði hann að skýra kjörstjóra eða kjörstjórn óþvingað og ótvírætt frá því að hann óski aðstoðar. Hér gerir frumvarpið ekki ráð fyrir því að einstaklingar geta oft ekki tjáð sig án aðstoðar. Frumvarpið virðist því ekki gera ráð fyrir margbreytileika fatlana. Á því verður að taka með einhverjum hætti. Félagið bendir t.d. á réttindagæsluferfið skv. lögum nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Réttindagæslumenn hafa mikla þekkingu á málefnum fatlaðra og vinna að réttindagæslu fatlaðra. Hægt væri að koma upp kerfi þar sem réttindagæslumenn geti vottað að aðstoðarmenn fatlaðra séu hlutlausir aðilar sem beita ekki áhrifum sínum á kjóсандann.

Orðalag ákvæðisins um að tjáning hins fatlaða skuli vera óþvinguð og ótvíræð skal breytt. Hér er um þröngt, strangt orðalag sem ekki er fallið til þess að ná fram markmiði lagabreytinganna. Ótvíræð tjáning er afar teygjanlegt orðalag. Félagið, sem og m.a. ÖBÍ, leggur til að orðalag ákvæðisins verði breytt á þann hátt að í stað þess að kveða á um ótvíræða og óþvingaða tjáningu verði kveðið á um að tjáningin skuli koma fram með „skýrum hætti“.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ákvarðanir kjörstjóra eða kjörstjórnar skuli vera endanlegar. Blindrafélagið telur ekki rétt að slík ákvörðun skuli ekki vera kæránleg með neinum hætti. Mikilvægt er að einstaklingar geti fengið skjóta úrlausn yfirkjörstjórnar eða hverfiskjörstjórnar í slíkum málum. Slíkt verði einnig til þess að tryggja samræmi milli kjörstjórna. Fatlaðir skulu eiga sama rétt óháð búsetu.

Virðingarfyllst,

Kristinn Halldór Einarsson
Formaður Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi